



LANDSSAMBAND
SUMARHÚSAEIGENDA

Umhverfissráðuneytið
b.t. Úrskurðarnefndar um hollustuhætti
og mengunarvarnir
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar, 2010

Varðar: Kæru vegna framkvæmdar skophirðumála í Grímsnes-og
Grafningshreppi og Bláskógabyggð.

Visa í öll málsgögn og þá sérstaklega sameiginlegt bréf dags. 7.janúar, 2010 frá ofangreindum sveitarfélögum.

Umbj. okkar vilja áréttta mál sitt og taka sérstaklega fram.

Sveitarfélögin Bláskógarbyggð og Grímsnes- og Grafningherppur boðuðu til kynningarfunda vegna breytingar á sorphirðu í lok september í Aratungu, tjaldmiðstöðinni Laugavatni, Borg og þjónustumiðstöðinni Þingvöllum sbr., **fylgiskjal 6**.

Fjöldi eigenda fristundahúsa mættu á þessa fundi þar sem kynntar voru breytingar sem taka áttu **gildi 1 október 2009** og sjá má í sbr. **fylgiskjölum nr 1 og 2**

Eins og sjá má á sbr. **fylgiskjali 3** er takmarkaður opnunartími móttökustöðva og um langa veg að fara fyrir umbj. okkar þegar farga á sorpi í mörgum tilvikum. Þá má nefna það að í Þingvallasveit, er cingöngu móttökustöð yfir sumarmánuðina.

Nokkuð ljóst er að áfallnar eða áfallandi breytingar eru ekki í samræmi við reglugerð um meðhöndlun úrgangs sbr. 6. gr nr. 737/2003.

Í svari sveitarstjórna til Úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 7. janúar, 2010 kemur fram að breyting sorphirðu ásamt nýrri gjaldskrá sbr. **fylgiskjal nr 4** hafi ekki verið samþykkt fyrr en 3ja og 8. desember 2009. Staðreyndin er hins vegar sú að búið var að fjarlægja hluta af gámunum og takmarka opnunartíma móttökustöðva fyrir annan úrgang en heimilissorp frá 1. október 2009 og setja tunnur á öll heimili í sveitarfélaginu, gjaldfrjálst fyrir íbúa þar til samþykkt hefur verið staðfest sbr. **fylgiskjal 5**.

Sbr. framansagt voru sveitarfélögin byrjuð að framfylgja samþykktum og reglum sem ekki var búið að samþykka og átti eftir að fá samþykki umhverfissráðuneytis og auglýsa í B-deild stjórnartíðinda.

Með ofangreindum hætti telja umbj. okkar að verið er að mismuna fasteignaeigendum í sveitarfélögunum.

Fyrir liggur að gjald sem sett verður almennt á umbjóðendur okkar vegna sorphirðu mátar sig ekki við þá þjónustu sem gjaldið á að endurspegla. Hluti frístundabyggðarinnar á enga möguleika að koma sorpi í söfnunarstöðvarnar eins og áður hefur verið vikið að.


Sorphirðugjald hefur verið innheimt með fasteignagjöldum og sveitafélögin séð um sorphirðu eins og lög og reglur mæla um. Ekki verður hægt að sjá að sveitarfélögin geti komið þeirri skyldu yfir á frístundabyggðina milliliðalaust eins og má lesa má út úr allri framkvæmdinni..

Fjöldi frístundahúsa eru um 1800 í hvoru sveitarfélagi, eða samtals ca. 3600. Hér er því um gífurlega hagsmuni að ræða og að aðgengi að sorpgámum sé gott og ekki háð takmörkuðum opnunartímum varðandi heimilissorp.

Ennfremur vilja umbj. okkar ítrcka og benda á þá skyldur sem hvíla á sveitarstjórnun þar sem segir í 6. gr. reglugerðar nr. 727/2003 að sveitarstjórnir **skulu** setja upp sorpilát í **nánd** við sumarhúsahverfi o.s.v.frv. Þetta ákvæði telja umbj. okkar að hafa í reynd aldrei verið uppfyllt samkv. reglugerðinni þegar vísað er í nánd við sumarhúsahverfi.

Að endingu er mótmælt sérstaklega sem fram kemur í svarbréfi ofangreindra sveitarstjórna að cfni er til að vísa málinu frá sbr. það sem hér að framan greinir í cfni.

Virðingarfyllst



Sveinn Guðmundsson, hrl.

Hjál.: Fylgiskjal 1.	Breytt tilhögun í sorphirðu	bls.	1-3
Fylgiskjal 2.	Breyting í úrgangsmálum	bls.	4-6
Fylgiskjal 3.	Opunartími móttökustöðva	bls.	7
Fylgiskjal 4.	107. fundur Bláskógabyggðar	bls.	8
Fylgiskjal 5.	Frétt um breytta sorphirðu	bls.	9
Fylgiskjal 6.	Auglýstir kynningafundir	bls.	10

Breytt tilhögun í sorphirðu

Sveitarfélögin Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur taka upp nýja tilhögun í sorphirðu frá og með 1. október 2009. Markmiðið með þeirri tilhögun er að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélaganna, auka við endurvinnslu úrgangs af svæðinu og lágmarka þann úrgang sem fer til förgunar.

Heimilissorp

Frá og með 1. október verða tvö sorpilát staðsett við öll íbúðarhúsnæði í sveitarfélögunum, **Blátunnan** og **Grátunnan**. Stærð ílátanna er frá 240 litrum upp í 1100 lítra og miðast við þörf hvers heimilis.

- **Blátunnan** er skilgreining á íláti undir pappírsúrgang frá heimilum. Þessi úrgangur fer svo til endurvinnslu erlendis. Um er að ræða dagblöð, tímarit, auglýsingapóst og prentpappír. Einnig hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa eins og fernur, morgunkornspakka, eggjabakka og pakkningar utan af matvælum eins og kexi og pasta. Þetta ílát er með bláu loki.
- **Grátunnan** er skilgreining á íláti undir almennan úrgang frá heimilum annan en þann sem flokkast í Blátunnuna. Þetta ílát er með gráu loki.
- **Athugið:** Bylgjupappír má ekki fara í **Blátunnuna**, heldur ber að skila honum í sérstakt ílát á móttökustöðvum. Skil á bylgjupappír til móttökustöðva er gjaldfrí.

Blátunnan er hirt á átta vikna fresti og **Grátunnan** á tveggja vikna fresti. Þjónustuaðili sorphirðunnar er *Gámaþjónustan hf.*

Móttökugámar á opnum svæðum

Frá og með 1. október verða móttökugámar fyrir heimilissorp, sem eru á vegum sveitarfélaganna, fjarlægðir af öllum opnum svæðum og framvegis eingöngu staðsettir á móttökustöðvum sveitarfélaganna.

Rekstraraðilar

Frá og með 1. október hafa rekstraraðilar möguleika á að losa sig við úrgang á móttökustöðum sveitarfélaganna í samræmi við opnunartíma þeirra, gjaldskrá og kröfu um flokkun. Einnig býður þjónustuaðili sorphirðunnar, *Gámaþjónustan hf.*, upp á aðra möguleika byggða á sömu forsendum og heimilissorpið byggir á, þ.e. **Blátunnan** og **Grátunnan**. Þjónustusími *Gámaþjónustunnar hf* vegna slíkrar þjónustu er 535-2510.

Frístundabyggðir

Frá og með 1. október hafa frístundabyggðir möguleika á að losa sig við úrgang á móttökustöðum sveitarfélaganna í samræmi við opnunartíma þeirra, gjaldskrá og kröfu um flokkun. Einnig býður þjónustuaðili sorphirðunnar, *Gámaþjónustan hf.*, upp á aðra möguleika byggða á sömu forsendum og heimilissorpið byggir á, þ.e. **Blátunnan** og **Grátunnan**. Þjónustusími *Gámaþjónustunnar hf* vegna slíkrar þjónustu er 535-2510.

Móttökustöðvar fyrir úrgang

Frá og með 1. október verða starfandi þrjár móttökustöðvar fyrir úrgang í sveitarfélögunum. Þær verða starfandi alla mánuði ársins á eftirfarandi stöðum:

- **Laugarvatn** - Lindarskógum 12-14
- **Reykholt** – Vegholti 8
- **Grímsnes- og Grafningshreppur** – Seyðishólum

Einnig verður opin sameiginleg móttökustöð sveitarfélaganna við **Heiðabæ** í Þingvallasveit fjóra mánuði ársins, yfir sumarmánuðina. Opnunartími móttökustöðvanna er takmarkaður og getur verið breytilegur milli stöðva. Stíf krafa er um flokkun úrgangs og er hluti hans gjaldskyldur við losun.

Opnunartímar móttökustöðva

Opnunartímar móttökustöðva úrgangs verður kynntur fyrir 1. október

Gjaldtaka móttökustöðva

Gjaldtaka á móttökustöðvum mun miðast við rúmmál þess úrgangs sem losaður verður og greiðist við komu á móttökustöð. Úrgangur sem ber úrvinnslugjald verður þó gjaldfrjáls. Gjaldtaka hefst á móttökustöðvum 1. janúar 2010 og munu þær verða gjaldfrjálsar þangað til. Ákvörðun um gjaldskrá verður kynnt síðar.

Flokkun úrgangs á móttökustöðvum

Stíf krafa er um flokkun úrgangs á móttökustöðvum. Helstu flokkar úrgangs sem verða skilgreindir á móttökusvæðunum eru:

- *Almennur heimilísúrgangur (úrgangur sem fellur til við heimilisstörf og matseld)*
- *Allur pappírsúrgangur (annar en bylgjupappi)*
- *Bylgjupappi*
- *Mjúkt plast og plastbrúsar (nema heyrúlluplast)*
- *Heyrúlluplast*
- *Hart plast (plaströr, garðhúsgögn úr plasti o.s.frv.)*
- *Ómálað timbur (timbur sem engin efni hafa verið borin á)*
- *Málað timbur (þó ekki innréttinga)*
- *Garðúrgangur (eins og gras, plöntur, garðamold í litlu magni)*
- *Trjáúrgangur (greinar og tré, umfangsminnkað eins og hægt er)*
- *Grófur úrgangur (ónýt húsgögn, gólfteppi, dýnur, innréttingar o.s.frv.)*
- *Óvirkur úrgangur (gler, flísar, grjót og mól í litlu magni)*
- *Raftækjaúrgangur (brauðristar, kaffivélar, isskápar, eldavélar o.s.frv.)*
- *Málmar (dósir, krukkulok, álpappír, felgur, reiðhjól, bílhæ o.s.frv.)*
- *Hjólbarðar*
- *Kertavax*
- *Spilliefni (rafgeymar, málningarafgangar, olíuúrgangur, rafhlöður o.s.frv.)*
- *Drykkjarumbúðir*
- *Nytjagámur*

Þetta er sú grunnflokkun sem móttökustöðvarnar leggja upp með en búast má við að þær verði enn ítarlegri þegar fram líða stundir.

Fenúrmerkingar fyrir flokkun úrgangs





Breyting í úrgangsmálum

Frá fyrsta október 2009 er verkheitið **Blátunna** grunnþáttur í sorphirðu og sorpeyðingu í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi. Þetta þýðir að tvö ílát eru grunneining við sorphirðu á almennum úrgangi í sveitarfélögunum. Þessi ílát eru skilgreind sem **Blátunna** og **Grátunna**. Með þessu verklagi eru tekin fyrstu skrefin í flokkun úrgangs hjá sveitarfélögunum, en á þann hátt vilja þau mæta kröfum samfélagsins um vistvænna umhverfi ásamt því að lágmarka þann kostnað sem samfélagið ber af úrgangsmálum.



Blátunna er skilgreining á íláti undir pappírúrgang. Um er að ræða dagblöð, tímarit, auglýsingapóst og prentpappír. Einnig hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa eins og fernur, morgunkornspakka, eggjabakka og pakkningar utan af matvælum eins og kexi og pasta. Gæta verður þess að skola þær fernur sem fara í **Blátunnuna** og leyfa þeim að þorna áður en þær fara í ílátið.



Sýnishorn af þeim pappírúrgangi sem fara má í Blátunnuna

Eini pappírinn sem ekki fer í **Blátunnuna** er bylgjupappír, þar sem í honum eru límefni sem ekki henta í endurvinnsluferil **Blátunnunnar**. **Grátunna** er skilgreining á íláti undir almennan úrgang annan en þann sem flokkast í **Blátunnuna**.

Framkvæmd þjónustunnar

Þjónusta sveitarfélaganna við sorphirðu og sorpeyðingu á almennum úrgangi er skilgreind í tvo þætti:

Grunnþjónusta. Hún innifelur í sér flutning og móttökugjöld úrgangsefna á afsetningarstað, ásamt gjaldfrjálsu aðgengi að móttökustöð sveitarfélaganna á opnunartíma með almennan úrgang upp að vissu magni.



Aukin þjónusta. Hún innifelur í sér leigu og losunarkostnað þeirra íláta sem notuð eru við móttöku úrgangsins hjá viðkomandi aðilum, séu þau ílát utan móttökustöðva sveitarfélaganna. **Þeir aðilar sem kjósa aukna þjónustu geta stýrt kostnaði hennar með stærðarvall íláta og losunartíðni þeirra.**

Allir fasteignaeigendur í sveitarfélaginu bera kostnað vegna grunnþjónustunnar. Íbúðarhúsnæði ber skylda til aukinnar þjónustu, en aukin þjónusta er **valkvæð** fyrir frístundahúsnæði og rekstrarhúsnæði.

Sundurliðun	Heimili	Rekstraraðilar	Frístundabyggðir
Sorpförgun Grunngjald	Aðgengi að móttökustöð	Aðgengi að móttökustöð	Aðgengi að móttökustöð
Sorphirða Aukin þjónusta	Tvö sett af ílátum ekki valkvætt	Tvö sett af ílátum valkvætt	Tvö sett af ílátum valkvætt

Yfirlit á samsetningu grunnþjónustu og aukinni þjónustu.

Valkvæð þjónusta

Með valkvæðri þjónustu ákveða þeir aðilar sem eiga frístundarhús eða rekstrarhúsnæði sitt þjónustustig og bera þann kostnað sem af því hlýst. Aðilar geta haft með sér samstarf um slíkt. Hér eru dæmi um framsetningu og kostnað af aukinni þjónustu:

Dæmi um kostnað af íláti undir pappirsúrgang			
Blátunna (kar)	660 L	660 L	660 L
> ein eining	22.000	22.000	22.000
>> viðmiðið er leiga og 12 losanir á ári			
Dæmi um kostnað af íláti undir annað en pappirsúrgang			
Grátunna (gámur)	8m ³	5m ³	2m ³
> ein eining	149.000	125.000	99.000
>> viðmiðið er leiga og 32 losanir á ári			
Dæmi um kostnað af misgæmðri samsettu setti			
Eitt sett á ári	171.000	147.000	121.000
Dæmi um kostnaðarskiptinu á fleir en einn aðila			
5 greiðendur	34.200	29.400	24.200
10 greiðendur	17.100	14.700	12.100
15 greiðendur	11.400	9.800	8.067
20 greiðendur	8.550	7.350	6.050
25 greiðendur	6.840	5.880	4.840
30 greiðendur	5.700	4.900	4.033
35 greiðendur	4.886	4.200	3.457
40 greiðendur	4.275	3.675	3.025


Sveitarfélögin hafa gert samning við Gámapjónustuna um að þjónusta þá aðila sem kjósa valkvæða þjónustu. Gámapjónustan hefur séð um sorphirðu sveitarfélagsins frá 2001 og hefur því öll haldbær gögn til að meta stærð og samsetningu þeirra íláta sem hentar hverjum og einum. **Þessi þjónusta**



getur verið hluta úr ári eða á ársgrunni. Þeir aðilar sem vilja kynna sér nánar þá kosti sem í boði eru í valkvæðri þjónustu eru hvattir til að hafa samband við Gámapjónustuna í síma 535-2510.

Ílát

Ílátin eru af ýmsum gerðum og stærðum, þannig að allir ættu að geta fengið ílát í samræmi við sínar óskir. Allar upplýsingar um ílátin veitir Gámapjónustan í síma 535-2510.




Umgengni og staðsetning

Handhafar ílát bera alla ábyrgð á umgengni við þau og skulu gæta þess að ílátin og umhverfi þeirra séu snyrtileg. Ílát mega ekki vera meira en 200m frá söfnunarleið hirðingartækja, en söfnunarleið skilgreinist sú leið sem hirðingartæki þurfa að fara til að sinna bundinni þjónustu við heimili í sveitarfélaginu. Þau eiga að staðsetjast þannig að þau fjúki ekki og ef þau eru fest niður skulu festingar vera þannig að þau tefji ekki hirðingu. Gott aðgengi skal vera að ílátunum, óháð árstíma, fyrir notendur og hirðingartæki. Snjómokstur vegna íláta er á ábyrgð handhafa.

Annað

Bent er á heimasíðu sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is og www.gogg.is, um fleiri upplýsingar varðandi sorphirðu. Þar er m.a. að finna kort yfir staðsetningu móttökustöðva og opnunartíma þeirra.

Staðsetning móttökustöðva úrgangs



Opnunartími móttökustöðva:

Opnunartími móttökustöðva frá 01.01.10 til 30.04.10

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	Lokað	Lokað	16:00 - 18:00
Þriðjudagur	Lokað	16:00 - 18:00	16:00 - 18:00	Lokað
Miðvikudagur	Lokað	Lokað	Lokað	16:00 - 18:00
Fimmtudagur	Lokað	16:00 - 18:00	16:00 - 18:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	Lokað	16:00 - 18:00	13:00 - 15:00
Laugardagur	Lokað	14:00 - 16:00	14:00 - 17:00	14:00 - 16:00
Sunnudagur	Lokað	14:00 - 16:00	14:00 - 17:00	14:00 - 16:00

Athugið að þessi opnunartími breytist við stórhátíðar.

Slíkar breytingar verða auglýstar í hverju tilfalli

Mætt voru:

Margeir Ingólfsson oddviti, Drífa Kristjánsdóttir, Þórarinn Þorfinnsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jens Pétur Jóhannsson, Snæbjörn Sigurðsson og Kjartan Lárusson. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, og Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. Fundargerð 96. fundar byggðaráðs Bláskógabyggðar.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Fundargerð 14. fundar fræðslufundar, sem haldinn var 7. desember 2009.
Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 79. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu, ásamt fjárhagsáætlun 2010 og nýjum samþykktum fyrir B.A.
- 2.2. Fundargerð vegna opunar tilboða í skólaakstur, dags. 4. desember 2009.

3. Fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar 2010 (fyrri umræða).

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar 2010 til fyrri umræðu. Valtýr gerði grein fyrir áætluninni og forsendum hennar. Almennar umræður urðu um fram lagða áætlun. Áætluninni vísað til síðari umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar sem verður í byrjun janúar 2010. Sveitarstjóra falið að óska eftir fresti á skilum fjárhagsáætlunar til ráðuneytisins.

4. Samþykktir fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Bláskógabyggð (síðari umræða).

Lögð fram tillaga að samþykktum fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Bláskógabyggð, til síðari umræðu og afgreiðslu. Gerð var grein fyrir smávægilegum breytingum sem gerðar hafa verið á samþykktunum frá fyrri umræðu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur tekið framlagða samþykkt ásamt tillögu að gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingu til afgreiðslu á fundi sínum 3. desember s.l. Heilbrigðiseftirlitið hefur samþykkt án athugasemda framlagða tillögu að samþykkt ásamt gjaldskrá. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða framlagða samþykkt fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Bláskógabyggð og felur sveitarstjóra að senda samþykktina til Umhverfisráðuneytisins til staðfestingar og auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda.

5. Ákvörðun um álagningu gjalda fyrir árið 2010.


- 5.1. Ákvörðun um álagningu fasteignagjalda.
Álagningarprósenta fasteignagjalda verði:
 - A 0,6% af fasteignamatí á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
 - B 1,32% af fasteignamatí sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum (með fyrirvara að reglugerð verði ekki breytt).
 - C 1,2% af fasteignamatí allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.
- 5.2. Ákvörðun um viðmiðunarfjárhæðir vegna afsláttar af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign.

Tekjuviðmiðun til elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkunar fasteignaskatts fyrir árið 2010 er eftirfarandi fyrir einstakling, sbr. samþykkt frá 4. desember 2007:

Lækkun		kr.		kr.
100%	Sameiginlegar tekjur allt að			1.960.000
80%	Sameiginlegar tekjur frá	1.960.000	til	2.170.000
50%	Sameiginlegar tekjur frá	2.170.000	til	2.400.000
25%	Sameiginlegar tekjur frá	2.400.000	til	2.650.000

Tekjuviðmiðun til elli- og örorkulífeyrisþega í sambúð og með samsköttun, sbr. samþykkt frá 4. desember 2007:

Lækkun		kr.		kr.
100%	Sameiginlegar tekjur allt að			3.920.000
80%	Sameiginlegar tekjur frá	3.920.000	til	4.340.000



Undirbúningur undir breytta tilhögun í sorphirðu hjá Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi er á lokasprettinum, þann fyrsta október verður búið að tunnugæða öll heimili í með Grátunnu og Blátunnu. Með þessari tilhögun er verið að stíga fyrstu markvissu skrefin í að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs í sveitarfélögunum. Á komandi vikum munu sörpgámar á opnum svæðum í sveitarfélögunum verða fjarlægðir og þann fyrsta janúar 2010 hefst gjaldtaka á móttökusvæðum úrgangs. Sjá nánar um þessa breyttu tilhögun undir sorphmál.

Á meðfylgjandi mynd tekur Halldór Páll Halldórsson, skólaeistari Menntaskólans á Laugarvatni á móti fyrstu Grá- og Blátunnunni frá þjónustuaðilanum, Gámþjónustunni, ásamt leiðbeiningum um flokkun úrgangs.

Kynningafundur vegna breytinga á sorphirðu

Frá og með 1. október 2009 hefst tannuhirðing sorps frá heimilum í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi. Þá verða heimilissorpgámar fjarlægðir af opnum svæðum í sveitarfélögunum. Samhlíða verða breytingar á móttökusvæðum úrgangs í Bláskógabyggð, en móttökusvæði úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi verður áfram á Seyðishólum.

Frá og með 1. október 2009 verða í Bláskógabyggð tvær móttökustöðvar fyrir úrgang, að Lindarskógum 10-14 á Laugarvatni og Veghofti 8 í Reykholti. Einnig verður opið sameiginlegt móttökusvæði sveitarfélaganna fyrir úrgang að Heiðarbæ, Þingvallasveit, yfir sumarmánuðina. Öðrum móttökustöðvum í sveitarfélaginu verður lokað.

Móttökustöðvar sveitarfélaganna verða opnar á ákveðnum tímum, gerð verður krafa um flokkun úrgangs og allur úrgangur sem ekki ber úrvinnslugjald verður gjaldskyldur.

Kynningafundur verða haldnir sem hér segir:

- 21. september kl. 20.00 í Tjaldmiðstöðinni á Laugarvatni
- 22. september kl. 20.00 í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi
- 23. september kl. 20.00 í Félagsheimilinu Aratungu í Reykholti
- 28. september kl. 20.00 í Þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum

Nánari upplýsingar hjá hvoru sveitarfélagi fyrir sig:

Bláskógabyggð: www.blaskogabyggd.is/sorpmal eða þjónustumiðstöð í síma 486-8726.

Grímsnes- og Grafningshreppur: www.gogg.is eða áhaldahús í síma 892-1684.

« Til baka